

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi 2. áfanga Skarðshlíðar, vegna Hádegisskarðs 26.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 9. mars síðastliðinn breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga. Í breytingunni felst að fjöldi íbúða fer úr 2 í 3. Bílastæðum fjölga úr 2 í 3. Byggingarreitur færir um 1 m í vestur. Stefna þaks breytist og verður austur-vestur í stað norður-suður.

Breyting á deiliskipulagi 3. áfanga Skarðshlíðar, vegna Tinnuskarðs 6.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 10. febrúar síðastliðinn breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga. Breytingin felst í að fjöldi íbúða fer úr 2 í 3, byggingarreitur er stækkaður og felld er niður krafa um bundna byggingarlínu. Bílastæðum á lóðinni er fjölgað um eitt. Heimilaðar eru minniháttar útbyggingar 80 cm út fyrir byggingarreit og aukning á byggingarmagn um 10 m².

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytinganna var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga og hafa uppdrættir ásamt greinargerðum hlotið þá meðferð sem lögín mæla fyrir um. Breytingarnar öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 3. maí 2022.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.